

## Nefndarálit

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá iðnaðar-ráðuneyti. Þá bárust umsagnir frá Landsvirkjun, Orkustofnun og Samorku.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd., dags. 13. október 2010, um álbræðslu við Straumsvík. Um er að ræða áttunda viðauka við svokallaðan aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., frá 28. mars 1966, um byggingu og rekstur álbræðslu og annarra mann-virkja í Straumsvík.

15. júní 2010 var undirritaður nýr samningur á milli Landsvirkjunar og Alcan á Íslandi hf. um orkusölu til álversins í Straumsvík. Samningurinn er tvíþættur, annars vegar er endur-samið um verð á orkusölu til álversins miðað við óbreytt magn og hins vegar er samið um afhendingu viðbótarorku (75 MW) vegna áætlaðrar framleiðsluaukningar álversins. Sú meginbreyting sem í samningum felst er að miðað er við að nýi raforkusamningurinn komi alfarið í stað núgildandi raforkusamnings og að sá síðarnefndi falli brott.

Nefndin tekur undir nauðsyn þess að til þess að tryggja að nýi raforkusamningurinn sé með öllu ótengdur aðalsamningnum sé nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á aðal-samningnum frá 1966, þ.e. að afnema fylgiskjal A (raforkusamninginn) og hreinsa aðalsamn-inginn af öllum ákvæðum þar sem vísað er í raforkusamning eða kveðið á um afhendingu raforku.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Sigmundur Ernir Rúnarsson og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2010.

Kristján L. Möller,  
form., frsm.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Jón Gunnarsson.

Margrét Tryggvadóttir,  
með fyrirvara.

Magnús Orri Schram.

Lilja Mósesdóttir.

Tryggvi Þór Herbertsson.